

Skýrsla yfir starfsemi NSÍ 2024-2025

Nefndin:

Formaður – Sigríður T. Sigurðardóttir (HÍ)

Varaformaður – Ísold Eygló Snæbjörnsdóttir (HR)

Fulltrúar 1. árs nema – Helgar Margrét Rúnarsdóttir (HR) og Sigrún Amina Wone (HÍ)

Haustið 2024

- *Kynningarfundur:* Haldinn var kynningarfundur á starfsemi SÍ og NSÍ 4. október í HR. Formaður og framkvæmdarstjóri SÍ kynntu félagið. Í kjölfarið kynntu formaður og varaformaður NSÍ. Vegna slakrar mætingar fóru formaður og varaformaður einnig að kynna félagið í báðum skólum sem og framboð fyrsta árs nema og uppsetningu kosninga.
 - Ný stjórn: Auglýstum eftir framboði fyrir fulltrúa fyrsta árs nema í báðum skólum (HR og HÍ) og á Facebook hópi félagsins. Kosning fór fram á netinu hjá nemendum og kosnir voru ofangreindir nemendur.
- *SAK ráðstefna:* Ísold Eygló varaformaður fór fyrir hönd nemenda út til Danmerkur á ráðstefnuna 31. október.
 - Erindi Íslands fjallaði um undirbúning í námi fyrir það að takast á við geðrænan vanda samhliða líkamlegum sjúkdómum. Niðurstaðan var sú að íslenskir nemar eru að koma vel út hvað slíkan undirbúning varðar miðað við námið á öðrum norðurlöndum.
- *Haustfundur:* Í nóvember voru nemendur hvattir til að nýta aukaaðild og mæta á haustfundinn.

Vor 2025

- *Kjaramálafundur:* 7. febrúar var haldinn kjaramálafundur í gegnum teams þar sem formaður kynnti SÍ og fór yfir kjaramál s.s réttindi og launatöflur.
- *Sálfræðiping:* Nefndin lagði sig fram að kynna og minna á sálfræðipingið. Aukaaðild veitti þeim talsverðan afslátt af föstudagsþinginu.
 - Eftir þingið var haldinn viðburður fyrir báða skóla á Loft Hostel þar sem SÍ bauð nemendum uppá bjórkút. Fulltrúar fyrsta árs nema NSÍ voru með hópeflingu fyrir nemendur.

- *Kynning á umsóknarferli:* 11. mars var haldinn kynningarfundur á umsóknarferli í klíniska sálfræði, bæði í HÍ og HR. Einnig var fundurinn í streymi fyrir nemendur HA.
 - Farið yfir hver munurinn er á milli skóla hvað varðar kennslu og fyirkomulag náms auk umsóknarferlis.
- *SAK ráðstefna:* 5.maí mun Sigríður formaður stýra SAK fundi fyrir formenn nemendafélaga á norðurlöndunum hér á Íslandi. Einnig mun hún flytja erindi fyrir hönd nemenda sem er óákveðið að svo stöddu.